

Stutt yfirlit yfir helstu athugasemdir við greinar frumvarpsdraganna.  
(ekki tæmandi aths.)

1. gr. Fella þarf niður í 1. t.l. um áhættumat erfðablöndunar orðin „að teknu tilliti til mótvægisáðgerða“. Engar raunhæfar mótvægisáðgerðir eru til í þessu sambandi. Slík óljós hugmynd ruglar grundvöll áhættumats erfðablöndunar.
2. gr. Fella þarf niður furðulega hugmynd um „samráðsvettvang“ og einkennilega tillögu um samsetningu hans með þremur fulltrúum ráðherra og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, en engum t.d. frá Náttúruverndarsamtökum Íslands.
3. gr. Bæta þarf við í 1. mgr. á eftir „á grundvelli burðarþols“ orðunum „og áhættumats erfðablöndunar“.
3. gr. 2. másl. 2. mgr. falli brott: Óþarfi að fella hér niður faglega umsögn náttúruverndarsamtaka og hagsmunasamtaka. Bæta þarf við umsögn Landssambands veiðifélaga og Náttúruverndarsamtaka Íslands.
3. gr. Lagfæra þarf ákvæði um eftir á mat „hagstæðasta tilboðs“. Býður í núverandi mynd upp á ófyrirséða stöðu bjóðenda og einkennilegt eftir á mat á „hagstæðasta tilboði“.
4. gr. Breyta þarf einkennilegu ákvæði um að umsóknir um starfsleyfi og rekstrarleyfi skuli afhenda Matvælastofnun og að þær skuli afgreiddar samhliða og afhendast af MAST samtímis. Fyrirskipað fyrirkomulag felur í sér óheimilt samráð stofnana sem eiga hvor um sig að rökstyðja og meta sjálfstætt grundvöll síns leyfis.
5. gr. Miðað við ótakmarkaða heimild ráðherra í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins eru ákvæði í núverandi 5. gr. laga nr. 71/2008 varðandi svæðaskiptingu fiskeldis nauðsynleg. Gerð er tillaga að umorða 3. mgr. 3. gr. þannig að 5. gr. laganna standi nánast óbreytt að því undanskyldu, að HAFRÓ ákveði skiptinguna sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.
7. gr.a. Breyta þarf orðalagi þessarar greinar frumvarpsins (eða fella hana niður) og taka út heimild ráðherra og svokallaðs „samráðsvettvangs“ til að krukka í faglegt áhættumat HAFRÓ. Einnig þarf að setja inn ákvæði, að fari áhættumat HAFRÓ um erfðablöndun yfir 0% sé útgáfa starfs- og rekstrarleyfis óheimil fyrir viðkomandi laxeldi.
8. gr. Ástæðulaust er að fella niður ákvæði um að MAST meti hvort umsækjandi uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglugerð um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum. Rétt er að bæta við þetta orðalag „og um velferð lagareldisdýra“.
9. gr. Breytingar á núverandi 8. gr. laga nr. 71/2008 eru með öllu óþarfar. Með tillögu frumvarpsins á þessari grein frumvarpsins er mjög dregið úr skyldum rekstraraðilans, sem er ástæðulaust varðandi svo mengandi og skaðlega starfsemi. Orðalagsbreytingar frumvarpsins eru óþarfar og ruglandi: t.d. „gögn um heimild til afnota af landi eða vatni eða gögn um úthlutun eldisvæða skv. 4.gr. a ef við á“ í stað „skilríki um heimild til afnota af landi, vatni og sjó“. Ennfremur: „[fylgja skal] staðfesting á stöðu eigin fjár og eiginfjárlutfalli umsækjanda þegar umsókn er lögð fram. Eiginfjárlutfall skal vera að lágmarki 30% að teknu tilliti til fjárfestinga í mannvirkjum og búnaði samkvæmt áætlun.“ Í stað „staðfesting um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins.“  
Með nýju orðalagi hér er verulega slegið af kröfum til rekstraraðila eldisins.
10. gr. Gerð er tillaga um svohljóðandi 9. gr. laganna í stað orðalags frumvarpsins: „Gefi Skipulagsstofnun út álit um að umhverfisáhrif framkvæmdar séu neikvæð er Matvælastofnun óheimilt að gefa út rekstrarleyfi fyrir eldisstarfseminni. Matvælastofnun er við útgáfu rekstrarleyfis jafnframt bundin af áhættumati erfðablöndunar og burðarþolsmati samkvæmt 4. gr. og 6. gr. b. laganna.“
11. gr. Ástæðulaust er að breyta 10 ára gildistíma rekstrarleyfis í 16 ár og ótækt er ákvæði um ótímabundin leyfi. Slík eilífðarleyfi gætu hugsanlega myndað grundvöll til

eignarréttar á tilteknum eldissvæðum og skaðabótaskyldu, ef leyfi væri fellt niður eða lögum breytt síðar. Einkennileg er niðurfelling ákvæða um varúðarráðstafanir í rekstrarleyfi til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur.

Sama gildir um niðurfellingu ákvæða í 5. – 7. mgr. 10. gr.

Gerð er tillaga um óbreytt orðalag 10. gr. laga nr. 71/2008, nema hvað 6. mgr. félli niður (um rekstrarleyfi fyrir minni nýtingu en 40% af burðarþoli).

12. gr. Athugasemdafrestur vegna tillagna að rekstrar- og starfsleyfi þarf að breytast úr 4 vikum í fyrra horf með 6 vikna fresti.

Birting MAST á vefsíðu sinni um útgáfu og gildistöku rekstrarleyfa þarf að ná til tillögu að rekstrarleyfi. Ennfremur er æskilegt að birting verði í B-deild Stjórnartíðinda eins og tíðkast hefur hjá öðrum stofnunum en MAST, og síðari birting þessara tveggja kosta teljist vera opinber birting.

Ákvæði um samtímis birtingu á starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar er einkennilegt ákvæði og ekki í samræmi við sjálfstæða og óháða leyfisútgáfu hvorrar stofnunar um sig.

15. gr. Um innra eftirlit. Ótækt ákvæði um minnkun eftirlits og að rekstrarleyfishafi hafi eftirlit með sjálfum sér. Orðalag nýrrar greinar frumvarpsins (13.a.) þarf að endursemja með tilliti til þessarar athugasemdar.

21. gr. Um stjórnvaldssektir. Umdeild og vafasöm ákvæði.

Ráðagerð er í 15. tl. 20. gr. frumvarpsdraganna um að MAST geti heimilað innflutning á notuðum eldisbúnaði. Setja þarf ákvæði um fortakslaust bann við slíkum innflutningi sbr. ákvæði 20. gr. laga nr. 71/2008.

21. gr.c. Skyndilagaákvæði þetta, sem sett var með lögum nr. 108/2018 hinn 10. október 2018 er í andstöðu við stjórnarskrá, EES samninginn og tilskipanir nr. 2011/92/ESB og 2014/52/ESB, og Árósasamninginn. Gerð er tillaga um að ákvæði 21.gr.c. verði fellt niður.

- 22.gr.e.(V.) Bráðabirgðaákvæði þetta um að Hafrannsóknastofnun skuli leggja tillögu að endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar fyrir svokallaðan samráðsvettvang innan tveggja mánaða eftir að lagaákvæðið tekur gildi, er furðuleg lagasmíð og niðurlæging fyrir HAFRÓ og vísindastarfsemi stofnunarinnar. Gerð er tillaga um niðurfellingu þessa bráðabirgðaákvæðis.

Dómsmál og kærsmål eru hafin til ómerkingar skyndilaganna frá 10. október 2018 og bráðabirgðarekstrarleyfa útgefnum samkvæmt ákvæðum þeirra laga.